

## 1036. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 16. desember 2009. kl. 12:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Ágúst Guðbjartsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Þór Steingrímsson, Bjarki Steingrímsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Stefánía Magnúsdóttir sem ritar fundargerð.  
Gestur fundarins var Haukur Ingi Jónasson ráðgjafi

Dagskrá:

### 1. Fundarsetning

Kristinn Örn setti fundinn kl. 12:15.

### 2. Samþykkt fundargerða síðastu funda

### 3. Framganga varaformanns

Þessum lið var frestað á síðasta stjórnarfundum vegna fjarveru varaformanns en Sigurður Sigfússon hafði þá lýst því að hann vildi ræða þetta mál. Sigurður bar fram eftirfarandi tillögu:

„Samkvæmt 13. gr. laga VR gegnir varaformaður skyldum formanns í forföllum hans. Forsenda þess er að trúnaðartraust ríki á milli formanns, varaformanns og stjórnarinnar. Því miður ríkir slíkt traust ekki. Núverandi varaformaður hefur ítrekað gengið gegn ákvörðunum stjórnarinnar á opinberum vettvangi og lagt sig fram um að gera störf stjórnarinnar og samstjórnenda sinna tortryggileg. Við slíkt verður ekki unað enda í bága við hagsmuni og vilja félagsmanna. Stjórn VR samþykki vantraust á Bjarka Steingrímsson sem varaformann VR og hann láti af embætti sem slíkur hér með“.

Umræður.

Bjarka Steingrímsson lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég hafna því að svo mikið mál sem svifting varaformanns embættis míns er sé afgreidd með leynifélags aðferðinni eins og hér er verið að gera, á ég þar við að þrátt fyrir fjöldan allann af sendum fyrirspurnum sem ég sannarlega sendi, skuli meirihluti stjórnar ekki geta komið heiðarlega fram, fer ég fram á að afgreiðsla málsins skuli frestað þar sem enginn tími gafst mér til undirbúnings fyrir þennan fund sem var kynntur mjög illa og ekki sæmandi félagi sem kennir sig við Virðingu og réttlæti.“

Umræður.

Bókun Ragnars Þórs Ingólfssonar og Guðrúnar Jóhönnu Ólafsdóttur:

„Að vantrausttillaga sem lögð er fram sé lögð fyrir Trúnaðarráð VR til afgreiðslu.“

Tillögunni vísað frá.

Bergur Steingrímsson lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Tillögu Sigurðar verði frestað um óákveðinn tíma. Tekin upp aftur síðar meti menn stöðuna svo að áfram verði ekki haldið á óbreyttum forsendum.“

Tillagan felld í atkvæðagreiðslu.

Ragnar Þór, Guðrún Jóhanna og Bjarki viku af fundi kl 13:18.

Tillaga Sigurðar borin upp og samþykkt.

Tillaga kom frá Sigurði um að Ásta Rut tæki við varaformannsembættinu. Samþykkt.

#### **4. Önnur mál.**

Fundi slitið klukkan 13:30